DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1041 0858

Nr. 2622 Síðan 1968
54. árgangur

Miðvikudagur 3. nóvember 2021

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss


# Þétt röð í Covid-19 sýnatöku á Selfossi



*Á laugardaginn sl. var þétt röð í Covid-19 sýnatöku á Selfossi. Mörg smit hafa komið upp í hinum ýmsu stofnunum bæjarins að undanförnu, t.d. þurfti Fjölbrautaskóli Suðurlands að loka dyrum sínum vegna smita. Lögreglan var á staðnum til að stjórna bílaröðinni og sjá til að allt gengi vel. Mynd: Dagskráin/BRV*



*Margrét Lea Bachmann og Íris Bachmann Haraldsdætur eiga og reka verslunina SHAY í nýja miðbænum á Selfossi.*

# Þurftu að skammta inn í verslunina

Snyrtivöruverslunin SHAY opnaði í nýja miðbænum sl. laugardag. Það voru þær systur Íris Bachmann og Margrét Lea Bachmann Haraldsdætur sem eiga og reka þessa verslun ásamt foreldrum sínum.

„Það hefur verið draumur hjá okkur lengi að stofna fyrirtæki. Margrét er í markaðsmálunum og tæknitröll fyrirtækisins á meðan ég er meira snyrtivörumegin. Við komum með sitthvoran hlutinn til borðsins," segir Íris, en sjálf er hún snyrti- og förðunarfræðingur og Margrét systir hennar er með BA í tískumarkaðssetningu og samskiptum.

### Við erum lítið sætt fjölskyldufyrirtæki

Öll fjölskyldan kom saman að þessu verkefni. En móðir þeirra sá um að skreyta búðina og koma með hugmynd að útlitinu á meðan faðir þeirra, smiðurinn í fjölskyldunni, sá mikið um framkvæmdirnar inni í búðinni, allt frá parketlögn yfir í að



*Löng röð myndaðist fyrir opnun.*

smíða vöruhillurnar. „Mamma og pabbi eru stór partur af þessu öllu saman líka, þau eru það sem gerðu þessa hugmynd að veruleika", segir Íris þakklát.

### Opnunin gekk vonum framar

Það var komin röð út á götu áður en þær opnuðu kl. 13 á laugardaginn. Ásóknin var svo mikil að skammta þurfti inn í verslunina. „Það er búið að ganga vonum framar, þetta er búið að vera geggjað. Við erum ótrúlega þakklátar fyrir allt fólkið okkar, vini og ættingja, sem eru búin að hjálpa okkur á kvöldin að gera þessa búð að því sem hún er," segir Íris glöð í bragði. *-brv*







Það er 51 DAGUR TIL JÓLA

RISAPRENTUN
A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR
prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
SÍMI 482 1944 - SELFOSS@PRENTMETODDI.IS - WWW.PRENTMETODDI.IS




Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.
Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

Penninn Eymundsson opnar á Selfossi
Ný verslun hefur opnað að Brúarstræti 6 í nýja miðbænum á Selfossi
Við bjóðum alla Sunnlendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, velkomin og hlökkum til að eiga við ykkur farsælt og ánægjulegt samstarf í ykkar heimabyggð!






penninn.is
540-2316 / 540-2050
selfoss@penninn.is
penninn@penninn.is
Penninn Eymundsson

# Hátíðin er komin til að vera

Skammdegishátíðinni Þollóween lauk á laugardagskvöldið sl. þegar rúmlega 100 nornir söfnuðust saman á Nornaþingi í Ráðhúsinu. Þar var mikið um dýrðir og skemmtu sér allar konunglega með kústa sína, hatta og aðrar nauðsynjafylgihluti.

Það sama má segja um alla bæjarbúa í Þorlákshöfn sem flykktust á þá 16 viðburði sem haldnir voru í nýliðinni viku, þar sem allir gátu fundið eitthvað spennandi og hræðilegt. Flóttaherbergið í húsnæði Björgunarsveitarinnar Mannbjargar sem upphaflega átti að vera opið í 10 klst. þrefaldaði opnunartímann sinn því svo mikil var ásóknin. Þá komu hátt í 200 manns í fullorðinsdraugahús á Oddabraut 14 þar sem heimili Erlu í Þollóween-nefndinni var algjörlega undirlagt og 15 leikarar að störfum. Börnin voru líka með spennustigið í hámarki alla vikuna og fjölmenntu á alla þá viðburði sem ætlaðir voru þeim, eins og ónotalegu sundstundina, skelfilegu skrautsmiðjuna, draugahús á vegum 10. bekkjar, bílabíó, grikk eða gott og margt, margt fleira.

Þetta var í fjórða sinn sem Þollóween var haldin og greinilegt að hátíðin er komin til að vera. Rúsínan í pylsuendanum var svo hvalurinn sem rak í fjöruna og ætla mátti að hefði verið hluti af dagskránni og vilja nefndarkonur meina að hann hafi einmitt verið það og sé afrakstur kyngimagnaðra sambanda sem þær hafa í aðrar víddir. Tengslanetin skipta jú öllu máli þegar kemur að vel heppnuðum hátíðarhöldum!

Meðfylgjandi eru myndir frá liðinni viku.



*Hér er Þóllóween nefndin í fullum skrúða á Nornaþingi en þess má geta að allar gefa sína vinnu í að skipuleggja og framkvæma hátíðina sem er fjármögnuð með stuðningi Sveitarfélagsins Ölfuss og styrkjum frá velunnurum Þollóween.*



*Fjölmörg hús voru hræðilega skreytt, hér má sjá hluta skreytinga á húsinu sem var valið best skreytta húsið.*



*Fjórir leikarar af 15 sem voru í fullorðinsdraugahúsinu.*



*Börnin voru alveg hryllileg mörg hver á búningadegi í skólanum. Þorvarður Ragnar og mamma hans eru þekkt fyrir mikinn metnað í búningagerð.*



*Líney fékk verðlaun fyrir flottasta búninginn.*



*Krakkarnir lifa sig mjög mikið inn í sína karaktera.*



*Skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn tók vel á móti krökkum í grikk eða gott ásamt frænku sinni.*


SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
Mikilvægt neyðarkall til þín!
Tökum vel á móti sjálfboðaliðum næstu daga, svörum neyðarkallinu og stuðlum þannig að eigin öryggi.
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
Neyðarkall þessa árs tengist átaki okkur í eflingu sjóbjörgunar og endurnýjun björgunarskipa félagsins um allt land.

# Saga af sögu

*Ómar Halldórsson*



Fyrir rúmum hálfum öðrum áratug kom Labbi í Mánum til mín og bað mig að skrifa sögu hljómsveitarinnar. Tilefnið var stórafmæli sveitarinnar árið 2005. Mér hafði lengi fundist að nauðsynlegt væri að skrifa þessa sögu og fanga um leið tíðaranda mektarára hljómsveitarinnar. Svar mitt var að sjálfsögðu já. Þeir sem stóðu að verkefninu voru Björn, Guðmundur, Ólafur, Ragnar og Smári enda átti aðaláherslan að vera á þeirri útgáfu Mána. Ég vissi svo sem aldrei af hverju átti að undanskilja tíma. Ég gat ekki verið viðstaddur en samtalið var tekið upp og var lengi vel eini efniviðurinn sem ég hafði. Ég hafði stólað á að gamlir ballgestir yrðu viljugir að segja mér skemmtilegar sögur en svo var ekki. Kannski talaði ég ekki við rétta fólkið. Enginn hafði samband munnlega eða bréflega þótt um það hefði verið beðið í Dagskránni. Og þótt Mánar sjálfir væru beðnir að gauka að mér minningum þá heyrðist ekki múkk frá þeim.

Efnisskortur, áhugaleysi Mána og tilfallandi veikindi mín komu í veg fyrir að sagan kæmi út á tilsettum tíma. En það kom sjálfsagt ekkert að sök. Ég hitti Labba fyrir tilviljun haustið 2005 og hann tilkynnti mér þá að ég skyldi fara mér hægt; hljómsveitin væri sennilega hætt við útgáfuna. Ástæðuna nefni ég ekki hér. Nokkrum árum seinna hitti ég Gumma og hann kannaðist ekkert við að slík ákvörðun hefði verið tekin; Labbi hefði þarna farið langt fram úr sjálfum sér. Og þeim hinum.

Ég hélt áfram að dunda við söguna og reyna að finna eitthvað til viðbótar við það litla sem ég hafði. Ég sýndi Labba það og sendi síðan hinum strákunum þetta í tölvupósti. Þeir virtu mig ekki svars.

Einhver annar en ég hefði líklega sagt að nú væri nóg komið en mér fannst þetta svo áhugavert verkefni að ég þrjóskaðist við. Næstu þrettán árin eða svo hvatti ég Labba ítrekað til að halda áfram með verkið, mælti með heimasíðu en Labba leist ekki á það og vildi bara bók. Sem aldrei virtist ætla að verða nein bók.

Útgáfa bókarinnar var í byrjun tilkynnt í Dagskránni og fór ekki milli mála að ég hefði tekið að mér að skrifa hana. En þegar ekkert bólaði á verkinu fór ég að fá á mig háðsglósur og jafnvel eitraðar pillur á förnum vegi.(„Maðurinn sem drap sögu Mána o.s.frv.“) Allir virtust þess fullvissir að ég einn bæri ábyrgð á því að bókin kæmi ekki út. Ég bar ekki hönd fyrir höfuð mér þá en ætla að gera það núna. Ekki síst vegna þess að Labbi boðaði útgáfu bókarinnar fyrir fáeinum árum og tilgreindi mig sem höfund.

Árið 2018 hringdi Labbi í mig og vildi nú endurvekja samstarfið og búa til sögu. Þrátt fyrir það sem á undan var gengið sagði ég já Og nú kom í ljós eftir allt saman að Labbi lumaði á efni. Haustið 2019 var ég búinn að ljúka sögunni og hljómsveitarstjórinn virtist meira en sáttur. Enda taldi ég hafa lagt mig í framkróka við að skrifa söguna þannig að honum líkaði. Í september fór ég í frí til Grikklands og var þá búinn að segja Labba að ég ætlaði ekki að gefa þessu verkefni meiri tíma. En þetta var þó ekki svona einfalt. Ég skrifaði þessa sögu en nú krafðist Labbi þess að fá að ráða kaflaröð hennar sem hlýtur að vera fáheyrt. Ég vissi ekki annað en sagan væri komin í uppsetningu og vonaðist til að breyta þessu með kaflaröðina á síðari stigum.

Við vorum sammála um að biðja ónefnda persónu um prófarkalestur og smávægilegar ábendingar. Löngu eftir að sagan mín átti að koma í fyrstu prófförk heyrðist loksins í þessari persónu og þá varðaði það ekki prófförk. Labbi virtist sem sagt aldrei hafa treyst mér fyrir verkinu en beðið að ég lyki því svo þessi ónefnda persóna segði af eða á um ágæti þessa verks míns. Í reynd sagði hún Labba að ekkert hefði verið að marka orð hans sjálfs um söguna meðan ég var að skrifa hana enda gerði hann skoðanir hennar að sínum. Og dómur persónunnar laut að því að sagan væri of löng, ég of margorður, húmor í köflum sem fyrir löngu var ákveðið að sleppa var vitlaus og Mánar ættu að standa með Mánum þegar kæmi að húmor. Ég benti nú á að einkahúmor Mána ætti ekki erindi á prent, sagan væri helst til of stutt, sá sem skrifaði sögur væri stundum margorðari en höfundar harðsoðinna blaðagreina og hvað varðaði það að Mánar stæðu með Mánum væri svolítið seinheppin gagnrýni vegna þess að þarna kom í ljós að ég væri ekki að skrifa þetta fyrir Mána heldur Labba sjálfan prívat. Hann hefði bara óvart gleymt að segja mér það!

Ég ítrekaði að ég vildi fara yfir handritið eins og hefði verið talað um en neitaði að hlýta ritstjórn einhverrar persónu úti í bæ, sem ég vissi ekki til að hefði neitt sérstakt vit á hvernig á að skrifa sögu. En þá var hljómsveitarstjóranum nóg boðið. Hann ákvað að henda mér út úr verkefninu og sagðist bara skrifa þetta sjálfur. Leit svolítið út eins og: „Nú ert þú búinn að skrifa þessa sögu fyrir mig – nú get ég bara skrifað hana sjálfur.“ Og þar með lauk þessu samstarfi. Hefði ég átt að hlýta gagnrýninni og afarkostunum hefði ég þurft að skrifa alla söguna upp á nýtt en ég var svo sannarlega ekki tilbúinn í aðra fimmtán ára hringavitleysu. Það er rétt að taka fram að fjárhagslega skipti þetta mig engu máli. Það stóð aldrei til að taka neitt fyrir þetta verk.

Ég hef lítillega komið nálægt blaðamennsku og skáldsagnagerð og unnið sem leiðsögumaður ferðamanna. Svo það er sannarlega fokið í flest skjól ef ég kann ekki lengur að segja frá. En auðvitað var aldrei neitt að þessari sögu. (Og nú er ég væntanlega farinn að hljóma eins og Gvendur dúllari sem á að hafa sagt: „Unun var að heyra til mín...!“)

Ég ákvað að bíða nógu rækilega lengi með birtingu þessarar greinar þannig að engum gæti dottið í hug að hún væri hugsuð sem steinn í götu bókarinnar. Hljómsveitarstjórinn og ég erum að sjálfsögðu endanlega skildir að skiptum en ég vil honum ekkert illt. En til hvers að skrifa þetta? – Jú, við því er einfalt svar. Ég sit þá ekki uppi með það orðspor að hafa tekið þetta verkefni að mér en aldrei sinnt því eða lokið við það.

Ég er kannski orðinn eitthvað tilfinningasamur með aldrinum en þetta skiptir mig máli.

*Ómar Halldórsson*



# Nóvember í Gallery Listaseli á Selfossi

Myndlistarmaðurinn Úlfar Örn er listamaður nóvembermánaðar í Gallery Listaseli. Úlfar er vel kunnur fyrir málverk sín af íslenska hestinum. Hann hefur áhugaverða nálgun á myndefnið og þykir takast vel upp við að ná kyrrð og ró hestsins í gegn um tjáningarrík augun. Hann hefur einnig unnið fígúratíf verk bæði teikningar og málverk en að þessu sinni sýnir hann olíumálverk af íslenska hestinum. Galleríið sem nýtur mikilla vinsælda er í Brúarstræti 1 í nýja miðbænum á Selfossi og listamaðurinn verður við opnun, föstudaginn 5. nóvember á milli klukkan 16 og 18.

Úlfar Örn nam grafíska hönnun og myndskreytingar í MHÍ og í Konstfack í Stokkhólmi. Hann starfaði við hönnun og auglýsingagerð í mörg ár ásamt því að iðka list sína. En undanfarin ár hefur hann alfarið helgað sig myndlistinni. Sumarið 2020 fluttu Úlfar og Anna kona hans vinnustofu og gallerí sem þau ráku á Vesturgötu í Reykjavík austur í Bláskógabyggð. Þau búa í Laugagerði í Laugarási og þangað eru allir velkomnir eftir samkomulagi.




# Skóli er ekki bara hús

„Því óvíst er að vita hvar óvinir sitja á fleti fyrir,“ segir í Hávamálum og kannski má heimfæra þessa lýsingu á nýjustu uppákomuna í FSu þegar skólanum var lokað miðvikudaginn 27. október vegna kórónuveirufaraldurs. Skyndilega í byrjun síðustu viku fóru starfsmenn að veikjast og brá skólameistari strax á það ráð að loka skólanum í samráði við rakningateymið. Ekki var ljóst í hvað stefndi og það svo metið að allur væri varinn góður.

Í skugga veirufaraldursins hefur skólastarf gengið glimrandi vel það sem af er þessari önn. Nemendur hafa virt grímuskyldu og í byrjun annar báru nánast allir grímur fyrir nefi og munni. Svo fór að losna um skylduna smátt og smátt og eftir afnám hinna opinberu hafta fór að halla á ógæfuhliðina. Miðvikudaginn 20. október var haldin mjög vel heppnuð áfangamessa í hátíðarsal skólans, Gaulverjabæ og var nándin þar óvenju mikil. Enda um áhugaverða kynningu á námi skólans að ræða sem er orðið afar fjölbreytt og nútímalegt. Þar má því segja að óvinurinn hafi setið þar á fleti fyrir.

En skóli er ekki bara hús og var því tiltölulega auðvelt að bregðast við áfallinu. Öll bókleg kennsla skólans fer nefnilega fram í gegnum miðlægan gagnagrunn sem kallast INNA og með fartölvur að vopni geta nemendur og kennara á skilvirkan hátt skipt úr staðbundinni kennslu í fjarkennslu. Stefnt er að því að hefðbundið og lifandi skólastarf hefjist hins vegar aftur í komandi viku en þá líklega með grímuskyldu og frekari sóttvörnum. *-jöz*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
**Ritstjóri:** Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.300 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

**ISSN 1670-407X**

## Gáta vikunnar

Vísnagátur - Höfundur: Ármann Dalmannsson
Útg.: Bókaútgáfan SKRUDDA

Hugarfóstur höfundanna hnjaski ver ég.
Matarbirgðum undir er ég.
Uppi diska og skálar ber ég.

Svar við gátu í blaði 2621: **BORÐ**
1. lína: Taflborð - 2. lína: Fjöru- / Stjórnborð
3. lína: Matarborð


Hallveig Rúnarsdóttir sópran
Eyjólfur Eyjólfsson tenór
Barna- og unglingakór Selfosskirkju
Kirkjukór Selfosskirkju
50 manna sinfóníuhljómsveit
Konsertmeistari: Greta Guðnadóttir
Kórstjórar: Edit Molnár og Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Guðmundur Óli Gunnarsson
2021
JÓLATÓNLEIKAR
Sinfóníuhljómsveitar
Suðurlands
MIÐASALA Á TIX.IS
SKÁLHOLTSKIRKJA
11. DESEMBER
kl. 20:00
SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA
LITRÓF
Landsvirkjun

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, tengdaömmu og langömmu,



**Sólrúnar Ólafsdóttur,**
**bókara og fv. bónda á Kirkjubæjarklaustri II**

**Guðrún Lárusdóttir Þórarinn Leifsson**
**Fanney Ólöf Lárusdóttir Sverrir Gíslason**
**Kristín Lárusdóttir Guðbrandur Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn**

**Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í 100% stöðu (einnig möguleiki á minna hlutfalli).** Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

**Meginverkefni:**
- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Í Leikholti eru 37 börn á aldrinum 1 árs til 6 ára og stefnir í 44 eftir áramót. Í Leikholti vinna metnaðarfullir og faglegir starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi. Við leggjum áherslu á félagsfærniþjálfun, mikla málörvun, læsi og kennslu í gegnum leikinn. Leikholt er þátttakandi í vináttuverkefni Barnaheilla og er umhverfisvænn leikskóli. Einkunnarorð leikskólans eru: **Gleði, vinsemd og virðing.**

**Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 895 2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.**

Ef ekki fæst leikskólakennari verður ráðinn starfsmaður með aðra uppeldismenntun eða leiðbeinandi. Starfið hentar öllum óháð kyni og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember en æskilegt er að geta hafið störf sem fyrst.**

**Leikskólinn Leikholt er staðsettur í Brautarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem er um 20, mín akstur frá Selfossi.**

LEIKHOLT

# Yfirleitt liggja þrjár til fimm á náttborðinu

## *segir lestrarhesturinn Rakel Sif Ragnarsdóttir*

Rakel Sif Ragnarsdóttir er fædd á Siglufirði en ólst upp á Suðureyri við Súgandafjörð fram að sex ára aldri. Flutti þaðan á Blönduós en ári síðar á Hvolsvöll. Rakel kom svo á Selfoss árið 2005 og býr þar með eiginmanni sínum, Stefáni Magna Árnasyni og börnunum þeirra tveim. Rakel er menntuð í listfræði frá Háskóla Íslands og vinnur á Bókasafni Árborgar þar sem hún stýrir barnadeildinni og er yfir skreytingum safnsins. Rakel er jafnframt listmálari og heldur uppi Facebook-síðunni RSR ART.



**Hvaða bók ertu að lesa núna?**
Bókin sem ég er að lesa núna er *Litlir eldar alls staðar* eftir Celest Ng. Mig hefur langað að lesa þessa bók lengi eða alveg síðan ég sá Reese Witherspoon mæla með henni á Instagram og fannst mér hún hljóma spennandi. Lestrarlistinn verður ansi langur þegar maður er umkringdur bókum allan daginn. Ég les líka mikið fyrir börnin mín og þessa stundina erum við að lesa bækur eftir Bergrúnu Írisi: *Kennarinn sem hvarf* fyrir soninn og *Langelstur í bekknum* fyrir dótturina. Þær bækur eru báðar það skemmtilegar að pabbinn fær ekki að taka sínar vaktir í kvöldlestrinum á meðan þær eru í lestri.

**Hvers konar bækur höfða helst til þín?**
Ég hallast svona helst að spennubókum og fantasíum en hef líka ofboðslega gaman af barnabókum. Ég les líka sjálfshjálparbækur og tel ég það öllum meinholt að minna sig á að kunna að meta sjálfan sig og sína eiginleika sem oftast.

**Ertu alin upp við lestur?**
Mamma las flest öll kvöld fyrir mig þegar ég var barn og var *Ronja Ræningjadóttir* í miklu uppáhaldi. Ég las sjálf á kvöldin fyrir systur mína sem er sjö árum yngri. Að öðru leyti man ég ekki eftir að hafa verið mikill lestarhestur sem barn þó ég hafi orðið það mjög snemma á fullorðinsaldri. Ég tel það að lesa fyrir börnin sín mjög mikilvægt , bæði fyrir lestrarkunnáttu barnanna og svo er lestur góð leið til þess að eiga gæðastundir saman.

**Hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?**
Ég les mjög mikið og er oft með margar bækur í gangi í einu. Yfirleitt liggja þrjár til fimm á náttborðinu. Ég les daglega í sitthvorri bókinni fyrir börnin mín tvö en eftir að þau eru sofnuð gríp ég í eina af náttborðinu fyrir sjálfa mig. Ég reyni einnig að grípa í bók þegar ég á lausa stund yfir daginn en mér finnst það skipta máli að vera góð fyrirmynd fyrir börnin. Ég lesalls konar bækur, allar gerðir af bókum og ætlaðar öllum aldurshópum, en þær verða að ná mér frá upphafi. Þær fá ekki mikinn séns eða tíma. Ég les gjarnan á ensku en Esther samstarfskona mín bendir mér oft á góðar bækur en Esther sér um ensku deildina á safninu. Ég kýs frekar að lesa en að hlusta og verð að játa það að ég hef ekki hlustað á eina einustu hljóðbók.

**Einhverjir uppáhaldshöfundar?**
Ég kann vel að meta söguþráð sem grípur mig og þar er Patricia Briggs sterkust með fantasíubækurnar sínar. Ég hef lesið allar bækurnar hennar, og það oft. Mér finnst gott að grípa í þær ef ég lendi í lestrarlægð en þær ná alltaf að rífa mig upp úr henni. Ég var mjög hrifin af *Cormoran Strike* ritröðinni eftir Robert Galbraith sem er dulnefni J. K. Rowling.

Ég hef nýlokið við að lesa *Grishaverse* ritröðina eftir Leigh Bardugo sem er ansi góð en það er unglingasería sem er búið að gera sjónvarpsþætti út frá. Við sonurinn mælum líka með barnabókunum *Dulsmálsmeistarinn* eftir Bobbie Peers, *Blokkin á heimsenda* eftir Arndísi Þórarinsdóttur og *Spiderwick* sögunum eftir Holly Black.

**Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?**
Ekki svo ég muni. Ég hef sennilega bara sofnað yfir henni.

**Hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?**
Ég myndi skrifa barnabók og myndskreyta hana sjálf.

*Lestrarhestur 128.*
*Umsjón: Jón Özur Snorrason*

# Það er Neyðarkall!

Dagana 4.-6. nóvember fer sala björgunarsveita á Neyðarkallinum formlega fram um allt land. Neyðarkallinn í ár er sjóbjörgunarmaður en hann tengist átaki björgunarsveita í eflingu sjóbjörgunar og endurnýjunar björgunarskipa Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Björgunarfélag Árborgar minnir á að sölustaðir á Selfossi verða í öllum helstu verslunum en einnig verður gengið í hús á Stokkseyri.

Við hvetjum alla til þess að styrkja sína heimasveit með kaupum á Neyðarkallinum, en hagnaðurinn af sölunni rennur beint til björgunarsveitarinnar sem verslað er af.

Við minnum einnig á að hægt er að styrkja okkur í Björgunarfélagi Árborgar með kaupum á stóra Neyðarkallinum og eru fyrirtæki og stofnanir hvött til að fjárfesta í slíkum. Hægt er að hafa samband með því að senda póst á neydarkall@bfa.is fyrir frekari upplýsingar.




OST
BORGARA
MÁLTÍÐ
CHEESEBURGER MEAL
1.699 kr.


KJÚKLINGA
BORGARA
MÁLTÍÐ
CHICKEN BURGER MEAL
1.799 kr.
*Gos úr vél frá CCEP fylgir með
Tilboð gilda út nóvember 2021
N1 Hvolsvöllur
N1
Nesti

KJÖTBÚRIÐ
Jólagjöf fyrir sælkera
Jólakarfa Lítil
Hangikjötsrúlla
Grafinn lax
Graflaxsósa
Kjötbúrsrauðkál
Handgert konfekt frá Mika
Humarsúpa 1L
Ostatvenna
16.900 kr
Jólakarfa stór
Reykt hangilæri
Hálfur hamborgarhryggur
Humarsúpa 1L
Reykt andabringa
kryddjurtagrafið kindafille
Piparrótarsósa
Dijon gljái
Kjötbúrsrauðkál
Handgert konfekt frá Mika
hunangsristaðar pekanhnetur
Gjafabréf 5.000.kr-
Vínflaska
32.000.kr-

Leyfðu okkur að koma með jólin til þín
Hjá Kjötbúrinu er hægt að panta jólaveislubakka fyrir stóra og smáa hópa. Einnig er hægt að fá okkur á staðinn þar sem við munum setja upp dýrindis hlaðborð fyrir þinn hóp
Hafðu samband á kjotburid@kjotburid.is
kjotburid.is/419-3600
KJÖTBÚRIÐ

# Dr. Ásgeir Jónsson með ávarp á degi Jóns Arasonar

Menningardagskrá verður helguð herra Jóni Arasyni í Skálholti 7. nóvember og mun dr. Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri, flytja þar ávarp. Ásgeir sendi nýverið frá sér merka bók *Upprseisn Jóns Arasonar* og hefur hann varpað nýju ljósi á samhengið í þessari átakasögu Íslands. Skálholtskórinn syngur og organisti er Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson leiðir stundina og les úr ljóðmælum herra Jóns Arasonar, sem lét lífið fyrir trú sína og ættjörð í Skálholti 7. nóvember 1550 eins og segir á steini hans. Eftir dagskrá í kirkjunni, sem hefst í dómkirkjunni kl. 16, verður gengið eftir nýrri Þorláksleið að minnisvarðanum um Jón Arason með blys til að leggja kertaljós að fótstallinum. Eftir stundina verður boðið upp á heitt súkkulaði á veitingastaðnum Hvönn í Skálholtsskóla sem er reyndar opinn allan daginn. Rafbílaeigendum er velkomið að tengja sig við hleðslustöðvar á bílastæði Skálholts á meðan athöfn stendur. Fólk er beðið að klæðast eftir veðri og það er velkomið að taka með sér útikerti til að tendra við steininn.

Fyrr um daginn messar vígslubiskup í Skálholtsdómkirkju kl. 11 og er það allra heilagra messa. Þar verður þeirra minnst sem látist hafa frá síðustu allra heilagra messu og er velkomið að koma með nöfn sem lesin verða við altarið í bæn messunnar. Einnig má senda nöfn látinna ástvina í pósti á biskup@skalholt.is til að lesa í kirkjunni hvort sem þau hvíla nær eða fjær.

Messan hefst kl. 11 sunnudaginn 7. nóvember og dagskráin hefst kl. 16 í kirkjunni sama dag. Til fróðleiks má geta þess að Kaþólska kirkjan á Íslandi messar í Skálholtsdómkirkju laugardaginn 6. nóvember kl. 11.30 af þessu sama tilefni og fer einnig með ljós að minnisvarðanum. Verða þar ljós við ljós tveggja kirkjudeilda en öll dagskráin á sunnudag er opin öllu fólki hvar sem það er í trúardeild enda er verið að minnast við atburði í menningu þjóðar.






Litla fasteignasalan býður til tónleika með **Júníusi Meyvant** í Tryggvaskála í tilefni opnunar fasteignasölunnar fimmtudaginn 4. nóv. kl. 20-22.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**
Húsið opnað kl. 19:30.
Fordrykkir, gos og kaffi í boði.

LITLA FASTEIGNASALAN



Sigþrúður J. Tómasdóttir
löggiltur fasteignasali
S. 892 0099
sissu@litlafasteignasalan.is



Jóhannes Hinriksson
aðstoðarmaður fasteignasala
S. 696 7030

Þeir sem skrá eign á sölu fyrir 15. febrúar fara í pott sem dregið verður úr 1. mars. Dregið verður um veiðileyfi í Eystri-Rangá í júní 2022, ásamt fleiri óvæntum vinningum.


# Nýir eigendur taka við Sjúkraþjálfun Selfoss

Hópur sjúkraþjálfara hefur fest kaup á Sjúkraþjálfun Selfoss, Austurvegi 9. Það eru Andri Helgason, Halldór Rafn Halldórsson, Herdís Anna Magnúsdóttir, Hildur Grímsdóttir, Nína Dóra Óskarsdóttir og Stefán Magni Árnason. Gunnar R. Leifsson, fráfarandi eigandi, hefur rekið Sjúkraþjálfun Selfoss frá árinu 1987 en stofan hefur verið til húsa við Austurveg 9 frá árinu 2004.

„Við hlökkum mikið til að taka við svona flottri stofu sem hefur starfað um árabil hér á Selfossi og veitt heilbrigðisþjónustu fyrir allt Suðurland í gegnum árin. Það er mikil reynsla og þekking til staðar í bland við nýja strauma í sjúkraþjálfunarfaginu og við hlökkum mikið til að vinna með þeim öfluga hópi starfsfólks sem er á staðnum. Við stefnum á að bæta enn frekar það flotta starf sem hefur verið unnið til þessa og veita framúrskarandi heilbrigðisþjónustu á svæðinu.“

*-Stefán Magni, framkvæmdastjóri*




KYNNTU ÞÉR
NÝJAR LAUSNIR
Í HAFSÝN
• HVAR OG HVAÐ ER FLOTINN AÐ VEIÐA?
• OLÍUNOTKUN
• REGLUGERÐALOKANIR
hafsyn
www.hafsyn.is
floti
www.floti.is
KÆLIVÖKTUN
FRÁ FLOTA
Rauntíma vöktun á hitastigi í bílum, vögnum og gámum

# íþróttir

## Góður árangur á afmælismóti JR

**JÚDÓ** Afmælismót JR í yngri aldursflokkum var haldið laugardaginn 23. október. Þátttakendur voru sextíu og komu þeir frá sex júdófélögum. Þrettán krakkar frá júdódeild Selfoss tóku þátt að þessu sinni og stóðu þau sig öll mjög vel. Sum voru að keppa á sínu fyrsta móti og fengu dýrmæta reynslu.



*Ljósmyndir frá þjálfurum og foreldrum Umf. Selfoss*

**Keppendur Selfoss náðu eftirfarandi árangri:**

- Thomas Lárus Jónsson fékk brons í -42 kg flokki undir 13 ára
- Elmar Logi Geirmundsson fékk silfur og Aron Logi Daníelsson hlaut bronsverðlaun í -46 kg flokki
- Nökkvi Einarsson vann gullverðlaun í -26 kg flokki undir 9 ára
- Erla Sif Einarssdóttir vann gullverðlaun í -32 kg flokki undir 9 ára
- Bjarki Finnsson vann silfurverðlaun og Hróar Indriði Dagbjartsson og Mía Einarsdóttir Klith brons í -42 kg blönduðum flokki
- Júlíus Hólmar Guðmundsson og Victor Franz Hjaltason fengu bronsverðlaun í -34 kg undir 11 ára
- Dynþór Halldórsson vann bronsverðlaun í -28 kg flokki undir 9 ára
- Hlynur Leó Davíðsson vann silfurverðlaun í -63 kg flokki undir 11 ára
- Ólafía Christensen vann bronsverðlaun í -70 kg flokk undir 15 ára
- Erla Sif (fyrir miðju) vann til gullverðlauna.
- Nökkvi (í bláu) vann til gullverðlauna.
- Bjarki (1. f.v.) hlaut silfur, Hróar Indriði (3. f.v.) og Mía (4. f.v.) hlutu brons.





## Alexander íslandsmeistari í unglingaflokki

**MÓTORKROSS** Uppskeruhátíð Mótorhjóla- og snjósleðasambands Íslands fór fram 16. október síðastliðinn, þar sem sumarið er gert upp. Tveir iðkendur frá Motocrossdeild UMFS á Selfossi fengu þar verðlaun, Alexander Adam Kuc vann til tvennra verðlauna, hann varð. Íslandsmeistari í unglingaflokki með fullt hús stiga og í flokknum MX2 lenti hann í 3. sæti. Ragnheiður Brynjólfsdóttir varð svo í 3. sæti í kvennflokki 30+. Við óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn.




## Sigur á toppliðinu byr í seglin

**KÖRFUBOLTI** Selfossliðið mætti nokkuð laskað til leiks á heimavelli sínum í kvöld gegn toppliði Hauka. Gerald er enn utan vallar og annar byrjunarliðsmaður, Ísar Freyr, einn besti varnarmaður liðsins, gengur við hækjur eftir ökklameiðsli í unglingaflokksleik. Í leikmannahópnum voru tveir 16 ára og einn 14 ára, stórefnilegir strákar, ásamt nokkrum 18 og 20 ára. En það voru „öldungarnir" í liðinu, 25 og 26 ára gamlir, sem leiddu liðið til eins stigs sigurs í spennuleik, 88-87.



*Trevon Evans setti 34 stig í leiknum.*

Eftir 0-5 byrjun hóf Selfossliðið leik og komst í 16-11 um miðjan fyrsta fjórðung. Eftir það var leikurinn í járnum fram í seinni hálfleik, Selfoss einu stigi yfir, 25-24, eftir fyrsta hluta en Haukar leiddu 46-47 í hálfleik. Selfoss lék hörmulega í upphafi seinni hálfleiks, tapaði mörgum boltum klaufalega og Haukar gengu á lagið og skoruðu margar auðveldar körfur. Eftir 5 mín. í þriðja var staðan orðin 49-63 og útlitið hreint ekki bjart. En strákunum til hróss gáfust þeir ekki upp heldur sóttu smám saman í sig veðrið og hófu síðasta leikhlutann 11 stigum undir, 58-69.

Um miðjan síðasta hluta var þetta orðinn leikur og þegar 3 mín. voru eftir var Selfossliðið komið yfir, 81-77, og leiddi 85-80 þegar mínúta var eftir. Haukar settu snöggan þrist og munurinn 2 stig. Selfoss nýtti 3 af 4 bónusskotum á lokakaflanum, Haukar skoruðu tveggja stiga körfu og Jose Medina gat jafnað leikinn úr þremur vítum þegar 1,2 sek. voru eftir. Hann klikkaði hins vegar á síðasta skotinu, boltinn fór á hringinn, í leikmenn og þaðan í gólfið nokkuð utan vallar, þannig að einhverjir töldu leiktímann örugglega liðinn. En dómararnir voru óvissir, fóru upp í stúku til að kíkja á upptökuna og komust að þeirri niðurstöðu að Haukar ættu innkast á endalínunni og 0,6 sek. eftir. Lokatilraun þeirra mistókst hins vegar með öllu og Selfyssingar fögnuðu sigrinum innilega, enda meiriháttar byr í seglin fyrir liðsandann og sjálfstraustið að rísa upp úr öskustónni – og halda svo fengnum hlut í lokin gegn svo sterku liði. Þessar síðust sekúndur tóku tímann sinn, og á taugarnar, en áhorfendur fengu sitthvað fyrir sinn hlut.

Í Selfossliðinu voru „gamlingjarnir" Trevon Evans og Gasper Rojko lykilmenn, báðir úrtökugóðir og réðu Haukar ekki við þá félaga. Trevon setti 34 stig og bætti skotnýtingu verulega frá fyrstu leikjunum, nýtti 53% skota og 10 af 14 vítum, fiskaði 10 villur og gaf 5 stoðsendingar, 29 framlagsstig. Gasper skoraði 31 stig, og nýtti 77% skota, 4/5 í tveggja (80%) og 6/8 (75%) í þriggja, tók 6 fráköst og skilaði 33 framlagsstigum. Óli Gunnar fylgdi þeim félögum á hæla með 6 stig og 7 fráköst og spilaði frábæra vörn í teignum gegn mun stærri leikmanni, 14 framlagspunktar, takk fyrir. Arnar Geir byrjaði með krafti og skoraði 8 stig strax í fyrsta hluta, þar af tvo flotta þrista, Vito skoraði 6 stig, Sigmar 3 og tók 3 fráköst.

Næsti leikur er gegn öflugu liði Umf. Hrunamanna á Flúðum, næstkomandi föstudag kl. 19:15. *-Selfoss karfa/gþ*



## Tilkynning frá FEB Selfossi.

Árshátíðin okkar eldri borgara á Selfossi hefur verið felld niður nòv. 2021. Ástandið er ennþá viðvarandi og viðkvæmasta hòpinn þarf að vernda með öllum ráðum. Við teljum óábyrgt að boða til fjöldasamkomu eins og staðan er á Selfossi.

Stefnan er tekin á 2022.

**Skemmtinefndin.**

## Snjómokstur - útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboði í snjómokstur og hálkuvarnir í dreifbýli í Bláskógabyggð. Um er að ræða tvö útboð, austurhluta (Biskupstungur) og vesturhluta (Laugardalur og nágrenni) og taka bæði útboðin til þriggja ára.
Útboðsgögn fást afhent frá og með föstudeginum 29. október nk. á skrifstofu Bláskógabyggðar, eða með því að senda tölvupóst á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, 806 Selfoss, fyrir kl. 09:00 fimmtudaginn 11. nóvember nk vegna vesturhluta og fyrir kl. 09:15 þann sama dag vegna austurhluta, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Nánari upplýsingar gefur Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar í síma 480 3000, eða í tölvupósti á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

## Sálfræðistofan Sálarlíf - Sinnir börnum, unglingum og fullorðnum.



Tinna Rut Torfadóttir, sálfræðingur er eigandi Sálarlífs og sinnir meðferð og greiningu vegna tilfinningavanda, hegðunarvanda, taugaþroskaraskana og sértæks vanda tengdum aðstæðum og daglegu lífi hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Lagt er upp með bestu mögulegu meðferð og er hún aðlöguð að þörfum hvers og eins.

Bókanir fara fram á heimasíðu Sálarlífs https://www.salarlif.is eða í síma 868 5643. Stofan er staðsett að Austurvegi 42 (2. hæð, fyrir ofan Nettó).

## Beint í æð

Þriðjudaginn 16. nóvember 2021 ætlar FEB Selfossi að skemmta sér með Leikfélagi Selfoss og sjá gamanfarsan „**Beint í æð**“ eftir Ray Cooney í þýðingu Gísla Rúnars og leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar.

Miðaverð kr. 2.000 greiðist á staðnum, **Bókanir í leikhúsið eru í Grænumörk 5 og hjá nefndinni.** Erla Guðmundsdóttir í síma 899 8226, Svala Halldórsdóttir í síma 846 8687, Sirrý Guðmundsdóttir í síma 863 7133.



**Sjálfstæðisfélagið Óðinn og fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Árborg**

halda aðalfundi sína miðvikudaginn 10. nóvember nk. kl. 20.00 í Suðursal Hótel Selfoss.

**Dagskrá fundarins:**
1. Aðalfundarstörf Óðins.
2. Aðalfundarstörf fulltrúaráðs
3. Önnur mál.

Allir félagsmenn velkomnir.
Stjórn fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Sveitarfélaginu Árborg.
Stjórn Sjálfstæðisfélagsins Óðins

## Húsvörður - hlutastarf
## Starfskraftur óskast í hlutastarf á fasteignasvið Flóahrepps við húsvörslu og ræstingar félagsheimila.

Óskað er eftir starfsmanni til að:
- Hafa umsjón með Félagsheimilinu Félagslundi
- Hafa umsjón með lóð
- Sjá um undirbúning vegna viðburða í félagsheimilum
- Sjá um þrif
- Afleysing í Félagsheimilinu Þingborg

Við Félagsheimilið Þingborg er starfandi húsvörður í fullu starfi og er leitað að starfsmanni sem getur ásamt húsvörslu í Félagslundi, leyst hann af og aðstoðað þegar þess er þörf vegna stærri viðburða.

Hæfniskröfur:
- bílpróf
- stundvísi, reglusemi og góð færni í mannlegum samskiptum
- áreiðanleiki
- snyrtimennska
- skipulagshæfileikar
- almenn tölvukunnátta
- einhver enskukunnátta

Leitað er að metnaðarfullum, jákvæðum og duglegum einstaklingi sem í störfum sínum þarf að sýna, sveigjanleika og lipurð í samskiptum.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum.
Umsóknarfrestur er til 25. nóvember. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri, sími 486 4370, netfang floahreppur@floahreppur.is.

Umsóknir um starfið ásamt starfsferilskrá, meðmælum og skakavottorði, berist Flóahreppi, Þingborg, 803 Selfoss, eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is merkt „Fasteignasvið“.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Árborg
vellíðan fyrir alla

FLÓAHREPPUR

Rafhella ehf
Fornisandur 3, 850 Hella
Sími 897 5762 / 867 7503

Öll almenn raflagnavinna og viðhald.

Upplýsingar í síma
897 5762 Svavar
867 7503 Grímur

# Níu sunnlensk verkefni hljóta samfélagsstyrk Krónunnar




Krónan veitti 25 verkefnum og aðilum styrki og fengu níu verkefni styrk á Suðurlandi. Krónan hefur í ár úthlutað rúmum sjö milljónum króna úr styrktarsjóði sínum sem er ætlað að styrkja verkefni sem hvetja til hollustu og hreyfingar barna og/eða verkefna sem hafa jákvæð áhrif á uppbygginguna í nærsamfélagi Krónunnar. Verkefnin sem hlutu styrki á Suðurlandi eru eftirfarandi:

- Rafíþróttadeild Dímonar á Hvolsvelli, fyrir uppbyggingu á rafíþróttadeild.
- Afrekshugur á Hvolsvelli, fyrir afsteypu af styttu Nínu Sæmundsdóttur í miðbæ Hvolsvallar.
- Reiðskólinn á Bjarnastöðum í Ölfusi, fyrir búnaði og uppbyggingu.
- Dansakademían á Selfossi, fyrir fyrstu nemendasýningu nýs dansskóla.
- Sundfélag ÍBV í Vestmannaeyjum, fyrir sunddeild barna.
- Listasmiðja náttúrunnar í Vestmannaeyjum, fyrir myndlistarnámskeið barna þar sem áhersla er lögð á sköpun sem er samtvinnuð við náttúru og útiveru.
- Foreldrafélag leikskólans Bergheima í Þorlákshöfn, fyrir kaup á Bambahúsi til að rækta grænmeti.
- Ægir í Þorlákshöfn, fyrir knattspyrnudeild barna.
- Björgunarsveitin Víkverji í Vík, fyrir uppbyggingu.

Að sögn Ástu S. Fjeldsted, framkvæmdastjóra Krónunnar, hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með uppgangi þeirra verkefna sem hafa hlotið samfélagsstyrki Krónunnar í gegnum árin.

„Við hjá Krónunni erum afar glöð með fjölda og gæði styrktarumsókna í ár og greinilegt að mikill metnaður er lagður í þau verkefni sem snúa að lýðheilsu og hreyfingu barna og ungmenna, sem og uppbyggingu í okkar nærsamfélagi, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Það er okkur sönn ánægja að leggja þessum aðilum og verkefnum lið í þeirra vegferð,“ bætir Ásta við.

Opnað verður fyrir umsóknir fyrir næsta styrktarár á heimasíðu Krónunnar 1. maí 2022. Umsóknarfrestur verður til og með 31. ágúst 2022.

## Vissir þú að...

- Vissir þú að sund er tilvalin íþrótt, bæði til þess að koma sér í form, viðhalda formi og einnig til að stunda skemmtilega hreyfingu.
- Sund eykur liðleika og er því oft mælt með sundi eftir aðgerðir eða ef meiðsli eru annars vegar. Með því að synda getur þú bætt líkamsstöðu þína mikið.
- Sundæfing fær hjartað til að slá hraðar en á sama tíma léttir úr streitu líkamans, styrkir vöðva og byggir upp þol. Sund hjálpar þér því að viðhalda heilbrigðu hjarta og lungum.
- ALLA ÆVI – Sund er íþrótt sem þú þarft aldrei að segja skilið við. Sund er íþrótt sem er til staðar fyrir þig alla ævi og þú getur stundað hana á hverjum degi.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Árborg
vellíðan fyrir alla

Sveitarfélagið ÁRBORG

VÖRÐUKÓRINN

Heldur tónleika

í Skálholti 6. nóvember

klukkan 20:00

Sungin verða lög úr ýmsum áttum, bæði íslensk og erlend

Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir

Undirleikari: Arnhildur Valgarðsdóttir

Endilega komið og njótið með okkur

Miðaverð 3000 krónur

# Basar í Þingborg 6. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar sem haldinn verður í félagsheimilinu Þingborg laugardaginn 6. nóvember 2021 kl. 13-17.

Innkoma basarsins rennur til Krabbameinsfélags Árnessýslu og verður nýtt í sérhæfða endurhæfingu í kjölfar krabbameinsmeðferðar sem er ný þjónusta í þróun hér á Suðurlandi.

Kostnaðurinn við að halda úti sérhæfðri endurhæfingu í kjölfar krabbameinsmeðferðar felst í að greiða fagmenntuðu fólki þá vinnu sem það leggur inn í verkefnið. Fagmenntunin er fjölþætt enda er lögð áhersla á andlega, líkamlega og félagslega þætti.

Fjölbreytt vandað handverk verður til sölu, ásamt kökubasar og vöfflusölu.

Tekið verður við greiðslukortum.

Við hlökkum til að sjá sem flesta,

*kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepp*





## AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI FRÁ SELFOSSVEITUM BS. VEGNA VARMADÆLNA

Selfossveitur bs. áforma að veita styrki til eigenda og íbúa fasteigna með fasta búsetu í Sveitarfélaginu Árborg í því skyni að setja upp varmadælur. Markmiðið er að draga úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis með fasta búsetu (lögheimili) á þeim svæðum sem dreifikerfi hitaveitu Selfossveitna nær ekki til.

Fjárframlag til úthlutunar er í samræmi við fjárhagsáætlun Selfossveitna bs. vegna ársins 2022 eða allt að 800.000 kr. fyrir hvern umsækjanda, íbúðarhúsnæði, sem samþykkt er. Ekki verða veittir fleiri styrkir en fimm ár hvert. Ef heildarfjárhæð umsókna reynist hærri en styrkur til úthlutunar skv. fjárhagsáætlun verður dregið á milli gildra umsókna.

Miðað er við að umsækjandi skili inn til Selfossveitna, Austurvegi 67, undirritaðri umsókn um styrk og geri í umsókninni grein fyrir hvaða framkvæmd stefnt er að, áætluðum orkusparnaði, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á umhverfið og áætlaðan kostnað.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 25. nóvember 2022. Einungis eru teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Selfossveitna bs. kveða á um.

Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur má finna á vef Sveitarfélagsins Árborgar, www.arborg.is. Jafnframt má senda fyrirspurnir á netfangið sigurdur@arborg.is.

SELFOSSVEITUR


# Nú stingum við okkur til sunds og syndum hringinn í kringum landið

Sundlaugar Árborgar

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir landsátaki í sundi frá 1. til 28. nóvember 2021. Syndum er heilsu- og hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Markmiðið með *Syndum* er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess.

Sund er fyrir alla, óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Það er tilvalin þjálfunaraðferð sem styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans en er einnig frábær og skemmtileg tómstundaiðja sem öll fjölskyldan getur stundað saman.

Sveitarfélagið Árborg hvetur íbúa til að vera duglega að nýta sundlaugarnar í nóvember sem og alla daga ársins. FRÍTT verður í Sundhöll Selfoss og sundlaugina á Stokkseyri 5. og 19. nóvember og hvetjum við alla til að kíkja í laugina hvort sem við ætlum að synda, slaka á í pottunum eða leika með fjölskyldunni.

Hægt verður að nálgast sundæfingar fyrir byrjendur sem og lengra komna í afgreiðslunni í Sunnlauginni. Öll börn sem koma í sund fá Kobba kút límmiða.

Landsmenn allir, takið þátt í landsátaki í sundi og skráið ykkar vegalengd í hvert skipti sem þið syndið inni á www.syndum.is.




## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.**

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## TIL LEIGU

**Íbúð á Selfossi**
Nýleg íbúð ásamt geymslu við Akurhóla á Selfossi til leigu. Dýrahald ekki heimilt. Skilvísi og góð umgengni skilyrði. Íbúðin er laus strax. Uppl. á netfangið jocz@isl.is.

## FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA SELFOSSI FEB

**PÚTT**
*Þriðjudagar kl. 10:30*
Golfvöllur GOS

**OPIÐ HÚS**
*Fimmtudagur 4. nóv. Kl. 14:45*
Helga Hermanns og Óla Bach.
Kaffi og meðlæti 1.000 kr..

## ÞJÓNUSTA


BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Krani & tæki
Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa
Öll almenn jarðvegsvinna og flutningar
Diddi S. 861 4966
Elli S. 861 6700
fredi@simnet.is

RENNIVERKSTÆÐI
BJÖRN JENSEN
HÁHEIÐI 6, SELFOSSI
ÖLL RENNISMÍÐAVINNA
VIÐGERÐIR - NÝSMÍÐI
SÍMI 862 7530


## KIRKJUR

**Selfosskirkja**
Messa sunnudaginn 7. nóvember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Arnaldur Bárðarson.
Sunnudagaskóli kl. 11:00. Umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum.
Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl. 17:00.

**Villingholtskirkja**
Guðsþjónusta sunnudaginn 7. nóvember kl. 13:30. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Arnaldur Bárðarson.

**Aðventistar**
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 6. nóvember. Upphaf bænaviku. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12 með bænavikulestrum.

**Kveðjuguðsþjónusta og kveðjukaffi**
Haraldur M. Kristjánsson sóknarprestur lætur af störfum 31. október nk. eftir tæpa 35 ára þjónustu.
Af því tilefni verður kveðjuguðsþjónusta í Víkurkirkju, sunnudaginn, 14. nóvember nk. kl. 14. Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða söng undir stjórn Brians R. Haroldssonar organista.
Eftir guðsþjónustuna er öllum viðstöddum boðið að þiggja veitingar sóknarnefndanna í Mýrdal í félagsheimilinu Leikskálum í Vík, í umsjón kvenfélaganna í Mýrdal.
F.h. sóknarnefndanna, Svanhvít M. Sveinsdóttir Vík.

**Skálholtsdómkirkja**
Messa kl. 11. Minning látinna á Allra heilagra messu sunnud. 7. nóv. Ástvinir geta sent nöfn til að minnast á biskup@skalholt.is en einnig komið og tendrað ljós á bænastjakanum. Organisti er Jón Bjarnason og prestur sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup.
Kl. 16. verður menningardagskrá helguð herra Jóni Arasyni. Ávarp flytur dr. Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri. Sr. Kristján les úr ljóðmælum herra Jóns og leiðir bæn og blessun. Blysför að minnisvara Jóns eftir athöfn og heitt súkkulaði í Skólanum á eftir.

**Sólheimakirkja**
Guðsþjónusta kl. 14. Organisti er Ester Ólafsdóttir og sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup þjónar fyrir altari og prédikar.

**Hveragerðiskirkja**
Messa kl. 11. Ljós kveikt í minningu látinna ástvina. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar fyrir altari. Kór kirkjunnar syngur, organisti Miklós Dalmay.
Kl. 12:30 sunnudagaskóli. Umsjón: Unnur Birna og sr. Ninna Sif.

## FUNDIR

**Vöfflukaffi**
Vöfflukaffi verður nk. laugardag á milli kl: 11 og 12 á Eyravegi 15, Selfossi. Sultur gerir sætan mat og vöfflur betri. Allir velkomnir!

## BÍLAR


AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Klettur Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA


## TIL SÖLU



Til sölu negld vetrardekk, MasterCraft Snow Groove. Stærð 31x10,5 R15 LT. Keyrð minna en 1.000 km. Verð kr. 80.000. Síma 899 6480.

## HÚSNÆÐI ÓSKAST

**MAMMA FLYTUR HEIM**

Hún Kolbrún Sigurjónsdóttir vill flytja á Selfoss ásamt Kalla sínum og leitum við að 3ja herbergja íbúð á Selfossi. Íbúðin þarf að vera á 1. hæð og kostur ef dýrahald er leyft. Um langtímaleigu er að ræða og öruggar greiðslur en við viljum endilega fá mömmu heim fyrir jólin svo íbúðin leigist frá 1. des. Ég gef mömmu minni bestu meðmæli enda eldar hún góðan mat og var vön að taka til eftir mig. Upplýsingar í síma 666 1978, mistilteinn@mistilteinn.is. *Kveðja, Jólafur.*




*Guðjón Ragnar Jónasson og Guðni Ágústsson.*

# Guðni á ferð og flugi í Risinu

Guðni Ágústsson og Guðjón Ragnar Jónasson kynna bók sína *Guðni – á ferð og flugi* í Risinu í Mjólkurbúinu, Eyravegi 1 á Selfossi, sunnudaginn 7. nóvember kl. 14.00. Í bókinni fer Guðni með lesandann í ferðalag um hinar dreifðu byggðir Íslands og heimsækir fólk af öllu tagi.




Þetta er skemmtileg, fyndin og um leið upplýsandi bók um lífið í sveitum landsins í fylgd með Guðna Ágústssyni frá Brúnastöðum og er óhætt að segja að hér fari hann á kostum. Guðni er annálaður sagnamaður og einn vinsælasti tækifærisræðumaður þjóðarinnar. Í hugum margra er hann enn hinn eini sanni landbúnaðarráðherra Íslands – og um leið ötull talsmaður landsbyggðarinnar. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Hægt verður að kaupa bókina á tilboðsverði í Risinu og munu Guðni og Guðjón Ragnar árita.

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## Aðalskipulagsmál

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytingar og skipulagslýsingar vegna eftirfarandi skipulagsáætlana:*

1. **Glóra L166231 – Aðalskipulagsbreyting – Skilgreining íbúðarsvæðis**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps innan lands Glóru. Í breytingunni felst skilgreining íbúðarsvæðis innan jarðarinnar.

2. **Hlíð 1 – Aðalskipulagsbreyting – Breytt afmörkun frístundasvæðis**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps og deiliskipulags fyrir Hlíð. Í breyttu aðalskipulagi verður afmörkun frístundasvæðisins F1 yfirfarin m.t.t. lóða í nýju deiliskipulagi og heimilaðar verða minni frístundalóðir en almennt er gert ráð fyrir í aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Einnig verður afmarkað allt að 120 ha landbúnaðarland í landgræðslu- og skógræktarsvæði. Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar, staðfest árið 1995, þar er gert ráð fyrir 5 sumarhúsum. Deiliskipulagið verður fellt úr gildi við gildistöku nýs skipulags. Í nýju deiliskipulagi verður gert grein fyrir núverandi frístundahúsum en sex hús hafa verið byggð á jörðinni, afmarkaðar verða lóðir fyrir núverandi hús og lóðum fjölgað. Gert er ráð fyrir allt að 20 lóðum á svæðinu.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

3. **Krókur L170822 – Aðalskipulagsbreyting – Gufuaflsvirkjun á Folaldahálsi, skilgreining iðnaðarsvæðis**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Króks, L1708221. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Folaldahálsi fyrir gufuaflsvirkjun. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks.

4. **Kílhraun land L191805, Áshildarvegur 2-26 – Aðalskipulagsbreyting – Úr frístundabyggð í íbúðabyggð.**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Áshildarvegar 2-26 í landi Kílhrauns, L191805. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist að hluta til í íbúðarsvæði.

5. **Þórisstaðir land L220557 – Aðalskipulagsbreyting – Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. september 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þórisstaða lands, L220557. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan landeignarinnar. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum.

## Deiliskipulagsmál:

*Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur og lýsing eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:*

6. **Laufskálabyggð úr landi Grafarbakka II, lóðir 1,2,3,4 – Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. ágúst 2021 að kynna breytingu á deiliskipulagi Laufskálabyggðar í landi Grafarbakka II. Í breytingunni felst að innan hverrar lóðar fyrir sig verði gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss allt að 200 fm og tveimur aukahúsum á lóð allt að 40 fm en þó innan nýtingarhlutfalls lóða 0,03.

7. **Framnes; Nes 1 L230551 og Nes 2 L230552 – Deiliskipulag**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2021 að kynna nýtt deiliskipulag fyrir Nes 1, L230551 og Nes 2, L230552. Deiliskipulagið tekur til lóða fyrir íbúðarhús, gestahús og skemmu.

8. **Heiðarbær frístundabyggð, Svínanes F3 – Deiliskipulag – 2110017**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna deiliskipulags frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar. Markmið skipulagsgerðarinnar er að samþætta lóðamörk og götumynd, auka skilvirkni við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess s.s. innviði, náttúruvernd og aðgengi. Áhersla verður lögð á að skilgreina lóðarmörk, aðgengi og gönguleiðir. Með gerð deiliskipulags fyrir svæðið er einnig verið að fylgja eftir stefnu Bláskógabyggðar um að stefna skuli að því að deiliskipuleggja eldri frístundabyggðir.

9. **Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki). Safn, ferða- og þjónustuhús – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. september 2021 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til lóðar Öndverðarness 2 lóð (Laxabakka) L170095. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustu- og aðstöðuhúss sem ætlað er að þjóna þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:*

10. **Krókur L170822; Gufuaflsvirkjun á Folaldahálsi, skilgreining iðnaðarsvæðis – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar vegna Gufuaflsvirkjunar á Folaldahálsi. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufuskilju, gufuháf ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuaflsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturna. Gert er ráð fyrir því að 11 kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW.

11. **Minni-Bær land L169227, frístundahúsalóð – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Minni-Bæjar lands, L169227. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóðar og byggingarreits fyrir sumarhús.

12. **Skagamýri L218056. Skipting lóða 2, 4 og 12 – Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Skagamýri, L218056. Í breytingunni felst skipting lóðar 2 í lóðir 2, 2a og 2b, lóðar 4 í lóðir 4, 4a, 4b og 4c og lóð 12 í lóðir 12 og 12a.

13. **Kílhraun land, L191805, Áshildarvegur 2-26 – Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 23. júní 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar samhliða tillögu á breytingu aðalskipulags innan svæðisins. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að frístundalóðir breytist í íbúðarhúsalóðir. Gert er ráð fyrir byggingarheimild fyrir íbúðarhús allt að 350 fm og 60 fm aukahúsi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.asahreppur.is/, https://www.blaskogabyggd.is/, https://www.floahreppur.is, https://www.fludir.is, https://www.gogg.is/ og https://www.skeidgnup.is/.

Mál nr. 1 - 2 og 6 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu. Athugasemdafrestur við kynningu mála er til og með 26. nóvember 2021. Önnur mál innan auglýsingar eru auglýst frá 3. nóvember 2021 til og með 17. desember 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

*Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2622 Miðvikudagur 3. nóvember 2021



*Jón Bjarnason, organisti. Mynd: SASS.*

# Jón Bjarnason organisti í Skálholti hlaut menningarverðlaun Suðurlands

Á ársþingi SASS sem haldið var á Hótel Stracta á Hellu 28. og 29. október var Jóni Bjarnasyni veitt Menningarverðlaun Suðurlands 2021, en verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi. Alls skiluðu sér 8 tilnefningar um 6 verkefni og var mikil breidd í tilnefningum og gæðum þeirra. Eru tilnefningarnar aðeins toppurinn af ísjakanum í því mikla menningarstarfi sem á sér stað í landshlutanum.

Jón Bjarnason er starfandi organisti í Skálholti og hefur bæði í starfi sínu og af áhuga sínum frumkvæði staðið fyrir ýmsum menningartengdum viðburðum í Skálholti og uppsveitum Árnessýslu. Jón spilar allar tegundir tónlistar og nær þannig til breiðs hóps íbúa og gesta. Hann hefur t.a.m. haldið rokktónleika og spilar gjarnan Rolling Stones- og Queen-lög á orgelið í Skálholtskirkju, þá hefur hann náð til fermingarbarna með því að hafa lagaval í fermingum eftir áhugasviði barnanna. Jón hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum, t.d. Tómatar og tangó, sem eru tónleikar sem haldnir voru í Friðheimum. Nýjasti viðburðurinn sem Jón stendur fyrir er Óskalögin við orgelið. Þetta er vikulegur viðburður sem stuðlar að virkni í tengslum við menningu á meðal barna og fullorðinna á svæðinu. Ákveðið þema er á viðburðunum og geta gestir fengið óskalag sitt spilað á orgelið og sungið með. Þá vekur hann athygli á menningararfi Sunnlendinga þegar erlendir gestir heimsækja Skálholt og spilar þjóðlög í bland.

Segir í rökstuðningi dómnefndar að Jón Bjarnason hafi með eljusemi, dugnaði og áhuga vakið verðskuldaða athygli á menningarviðburðum og gefið jákvæða mynd af Suðurlandi. Hann hefur stuðlað að þátttöku bæði íbúa og gesta á öllum aldri og vinnur ötullega að því að vekja athygli á menningararfi Sunnlendinga í sínu starfi.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D·H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

HREINGERINGAþjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Jiiibbiii Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 Skrifstofa
☎ 696 2311 Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is


BÓKAÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
Opið mán–lau frá 12–18



Bókakaffið
Bókakaffið | Austurvegi 22 | 800 Selfoss

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is